



# ÚRBÆTUR OG ENDURNÝJUN Í FJÖLSKYLDUGARÐINUM

*Áfangaskýrsla nóvember 2018*

Árið 2018 hefur staðið yfir umfangsmikið endurnýjunarverkefni í fjölskyldugarðshluta Fjölskyldu- og húsdýragarðsins (FHG). Á fjárheimildum 2018 var gert ráð fyrir alls 115 milljónum til verksins sem skiptust annars vegar í 55 milljónir í ýmsar endurbætur og smærri nýjungar í garðinn en hins vegar í 60 milljónir vegna kaupa og uppsetningar nýs fallturns.

Þessir fjármunir hafa nú verið nýttir og fjárhagslegt uppgjör þessa áfanga er á lokametrunum og þeim verkefnum sem raunhæft var að ljúka í þessum áfanga er flestum lokið.

Til grundvallar verkinu lá úttekt um ástand og úrbætur í Fjölskyldugarðinum sem kynnt var ÍTR, borgarstjóra ofl. í upphafi árs- en í því skjali voru m.a. tíundaðar þær nýjungar sem lagt var til að keyptar yrðu auk yfirlits yfir þær endurbætur sem væru brýnastar.

Í því skjali var einnig sett fram forgangs röðun aðgerða og liggja því þegar fyrir nauðsynlegar aðgerðir sem ráðast þarf í að lokum þessa fyrsta áfanga.

Fjöldi svæða innan garðsins var undir í verkinu (sjá kort) og var öllum tiltækum ráðum beitt til þess að nýta fjármuni sem best og keyra verkið hratt áfram m.a. með hliðsjón af hagsmunum gesta garðsins og m.t.t. þess stutta framkvæmdatíma sem í boði var vegna tíðarfars.

Einstakir verkþættir voru að mestu unnir af utanaðkomandi verktökum og starfsmönnum viðhaldsdeildar garðsins. Þá voru sumarstarfsmenn garðsins nýttir í einstaka verkþætti og namar við Landbúnaðarháskólann unnu tvö verk sem lokaverkefni við skólann. Þrátt fyrir það var ljóst að framkvæmdir sem þessar myndu óhjákvæmilega bitna á gestum garðsins á einhverjum tímapunkti.

Í þessari áfangaskýrslu verður farið yfir verkið og stöðu einstakra þátta þess og litið á þau verkefni sem ekki tókst að ljúka.

Loks eru settar fram tillögur að næstu skrefum og þeim forgangsraðað.

*Þorkell Heiðarsson Verkefnisstjóri*

## Fjárhagsleg staða

### Staða sept

Kastali, fallundirlag ofl	16.521.216
Gagnvirk tæki	13.648.213
Ökuskóli	7.622.116
Fallturn	66.822.932
Veitingahús	6.764.889
Útistandandi	6.000.000
Alls	117.379.366
Áætlun	115.000.000
Frávik	2.379.366
	2,1%

Tafla 1: Staða fjárfestingar 15. september 2018

### Kastali ofl. verk S6-7

Kastali Spielart	5.162.892
Önnur útileiktæki	1.212.523
Flutningur	2.784.661
V/ jarðvinnu	1.025.218
Tækjaleiga	1.180.822
Uppsetning tækja	975.000
Fallundirlag	4.180.100
	16.521.216

Tafla 2: sundurliðun verks

### Gagnvirk tæki S8,13,14 auk framkv

Yalp Memozone	5.411.659
Gagnvirk tæki Energileg as	2.517.719
Hljóðsetning ofl gagnv. tæki	311.421
Hús frá Eibe	1.483.345
Fallundirlag jarðefni ofl	1.189.966
Sveifluróla og fallundirlag	2.359.248
Tækjaleiga	179.350
Varahlutir ofl Naglfar	195.505
	13.648.213

Tafla 3: sundurliðun verks

**Ökuskóli**

Breyting á litla ökuskóla	977.440
Ökuskólabílar	6.050.736
Flutningar	593.940
	7.622.116

*Tafla 4: sundurliðun verks***Fallturn**

Mosers 20 mt turn	52.575.325
Hönnun, undirst. og jarðv.	7.755.565
Aðstaða tæknirými	1.457.876
Frágangur umhverfis	3.441.609
Úttektir	893.199
Flutningur	699.358
	66.822.932


*Tafla 5: sundurliðun verks***Veitingahús**

Kælar og fylgiverk	5.449.537
Innréttingar	836.609
Hönnun og smíði	478.743
	6.764.889

*Tafla 6: sundurliðun verks*

# Staða svæða sem ráðgert var að endurbæta

Yfirlitsmynd 1:



-  Lokið
-  Í vinnslu / áfanga lokið
-  Ekki byrjað
-  Í bið
-  Í lagi / óbreytt

# Norðurhluti Fjölskyldugarðs

Yfirlitsmynd 2:



# Verkum lokið eða langt komin

## Fallturn

Fallturninn Níðhöggur var kominn til ára sinna og tími kominn á dýrt viðhald á burðarvirki hans. Turninum var skipt upp í nýjan stærri turn frá sama framleiðanda í kjölfar útboðs.

Verð nýja turnsins voru 475.000 Evrur og uppítökuverð hins gamla 50.000 Evrur. Afhending turnsins tafðist nokkuð en hann var tekinn í formlega notkun um verslunarmannahelgina. TÓV verkfræðistofa hannaði undirstöðu og Agnar Guðlaugsson var byggingarstjóri. Verkið var að stórum hluta unnið af starfsmönnum viðhaldsdeildar FHG. Ríflega 16.000 manns höfðu prófað turninn í lok ágúst.



*Gamli fallturninn – hellur endurnýttar*




*Gamli fallturninn seldur úr landi*



*Járnbending og lagnir í undirstöðu*



*50 m3 af steypu*



*Nýjum turni komið fyrir*



*Nýr fallturn í notkun 27.7.2018*

## Leikkastali

Ónýtum leikkastala var skipt út fyrir nýjan kastala ásamt fylgihlutum á ævintýrasvæði. Nýi kastalinn og umhverfi hans er sviðsmynd af bóndabæ með tilheyrandi fylgihlutum. Ónýtt fallundirlag var endurnýjað með gervigrasi. Kastalinn er handsmíðaður hjá fyrirtækinu Spielart í Þýskalandi. Bóndabærinn er jafnframt eini kastali landsins frá þessum framleiðanda. Verkið var unnið af starfmönnum FHG og verktaka en jarðvegsskipti urðu meiri en áætlað var og nauðsynleg drenlög umfangsmeiri.

Umhverfis kastalann er verið að ljúka við nestisborð og bekki fyrir foreldra sem fylgjast með börnum sínum að leik. Borðin eru smíðuð á verkstæði FHG.



*Gamli kastalinn*



*Jarðvegsskipti og drenlög*



*Uppsetning*



*Uppsettur Júní 2018*



## Gagnvirk tæki

**MemoZone** - Ein af af nýjungum sem settar voru upp var gagnvirk hreyfibraut frá Hollenska fyrirtækinu Yalp. Fyrirtækið leggur aðaláherslu á að fá börn til að hreyfa sig og að vinna með öðrum. Er þetta ekki fyrsta tækið frá Yalp en annað tæki, dansboginn, var settur upp árið 2012.

Hefur tækið verið gríðarlega vinsælt síðan að það var sett upp. Notkun þess er um fjórir og hálfur tími á dag að meðaltali yfir sumarið. En meðaltalið í heiminum er um tvær klukkustundir (sjá graf). Hafa allir aldurshópar geta skemmt sér í tækinu og hefur það fengið góðar móttökur gesta.

**Hamstrahjól** – Danska hamstrahjólið í fullri stærð reyndist alger snilld og hafa börn hlaupið þúsundir hringja í því í sumar og framleitt rafmagn í leiðinni.


Þrjú önnur smá gagnvirk tæki, sem ganga fyrir hreyfiorku þeirra sem þau nota voru einnig sett upp.



Undirvinna og raflögn



Fallundirlagsdúkur og frágangur



Notkun tækis í klst/dag frá opnun þess



Mennska hamstrahjólið í notkun.



## Svæði S13 (við brú) og S14 (við turn)

Svæðið sem blasir við gestum þegar komið er yfir brú úr Húsdýragarði var algerlega endurgert. Þar var fyrir malarsvæði með ónýtum gormaleiktækjum. Nú er þarna fallegur hellulagður pallur og ný leiktæki ásamt borði. Fyrir framan pallinn á eftir að koma fyrir upplýsingaskilti sem fest verður í hólka sem komið hefur verið fyrir.

Hönnun og vinna var að mestu leyti í höndum útskriftarnemenda í garðyrkjufræðum við Landbúnaðarháskóla Íslands. Við jarðvegsskipti náðist fram hagræðing hjá starfsmönnum viðhaldsdeildar með því að nýta umfram grús af fallturnssvæði handan stígsins (alls um 50 m<sup>3</sup>).



*S13 - Maí 2018*



*S13 - September 2018*



*Brúartorgið nýja*

S14, svæðið við útsýnisturninn Skyggni var endurunnið að hluta til af útskriftarnemendum í garðyrkjufræðum við Landbúnaðarháskóla Íslands. Kofi, hringekja og vöfundarhús úr trjábolum prýða nú svæðið.



*Maí 2018*



*Júlí 2018*



*September 2018*

## Nýr ökuskóli

Nýir stærri og öflugri bílar voru keyptir í ökuskólann og hafa þeir notið mikilla vinsælda. Bílarnir eru tveggja manna og henta brautinni mun betur en fyrri bílar sem hentuðu aldrei brautinni og voru til sífelldra vandræða. Bílarnir, sem eru átta talsins, koma frá fyrirtækinu Sela Group á Ítalíu. Jafnframt var gerður samstarfssamningur við Orku Náttúrunnar um rekstur hleðslustöðvar á brautinni í stað bensínstöðvar sem fyrir var. Með þessu tekur garðurinn virkan þátt í að breiða út boðskap orkuskipta til yngstu kynslóðarinnar.



*Mái 2018*



*Gömlu bílarnir*



*Nýir bílar*



*Nýr samstarfsaðili*



*Steyptur pallur var útbúinn fyrir litla ökuskólann*

## S4 - Sveifluróla

Sveiflurólan vinsæla var tekin niður, galvaniseruð, lökkuð og endursmíðuð á verkstæði FHG. Malarundirlagi var skipt út fyrir fallundirlag úr gúmmíi og girðing endursmíðuð umhverfis tækið. Loks var hellulögn umhverfis svæðið sem og gras lagað. Verkefnið var unnið af starfsmönnum FHG og verktaka. Verkinu var lokið í apríl 2018. Þar sem þetta verk hófst árið 2017 var ekki sérstök kostnaðaráætlun til staðar en verkið var klárað með fé úr fjárfestingarlið.



2017



2018

## S2 - Mímisbrunnur

Hér var um 300 fermetra hellulögn endurnýjuð af verktaka og svæðið aðlagað m.t.t. aðgengismála. Ferlisjóður tók þátt í þeim hluta verksins sem snéri beint að aðgengi fyrir alla. Nýja hellulögnin er að hluta til upphituð og hallar og skábrautir voru gerð með bætt aðgengi í huga. Þá voru borð á svæðinu endurnýjuð. Verkið kláraðist í maí 2018.

Eftir stendur að laga pússningu í tröppum og ekki hvað síst að finna lausn á yfirbyggingu járnvirkis sem ætlað er yfir svæðið.



Mars 2018



Apríl 2018



Ágúst 2018



## Framhald fjárfestinga

Í verkefnum ársins hefur margt áunnist og ásýnd Fjölskyldugarðsins hefur breyst mjög til batnaðar. Fjárfesting í nýjungum og endurbótum mun án efa skila sér í aukinni aðsókn á næstu árum.

Það er mikilvægt að láta ekki staðar numið við hálfklárað verk og halda áfram að koma garðinum í ásætlanlegt horf með frekari fjárfestingu í blöndu af nýjungum og endurbótum á því sem fyrir er.

Lagt er til að ráðist verði í eftirfarandi stærri verkefni og fjárfestingar árið 2019.

### Krakkafoss

Í skýrslu um ástand og úrbætur 2018 var lagt til að endurnýja rugguskipið Krakkafoss á árinu 2019. Þetta mat er óbreytt.


Krakkafoss er frá árinu 2003 og hefur alla tíð verið mjög vinsælt tæki í garðinum. Tækið er hins vegar orðið sjúskað og viðhaldsfrekt.

Þetta er vinsælasta tæki garðsins m.t.t. farþega fjölda, enda tekur það 24 farþega í senn. Sé það reiknað yfir í tekjur, sem hlutfall af heildar tækjamiðasölu garðsins, skilar það um 10 milljónum árlega inn í reksturinn.

Fyrirliggjandi er tilboð frá framleiðandanum Zamperla um nýtt skip og uppistöku þess gamla. Heildarkostnaður yrði um 25 milljónir króna. Nýja skipið yrði öðruvísi útlits, t.d. víkingaskip og það smíðað í samræmi við núgildandi staðla um skemmtitæki. Eftir að hafa skoðað mögulega uppgerð skipsins með hliðsjón af verði nýs skips er það mat okkar að slíkt borgi sig ekki þar sem kostnaðarmunur er óverulegur, en jafnframt ófyrirséður.



Krakkafoss er frá 2001



Talsvert ryð er komið í burðarvirki



Nýtt tæki með öðru þema

## Iðavellir - Ævintýrasvæði

Hjarta Fjölskyldugarðsins er án efa kastalaleiksvæðið, sem eftir nýjustu breytingar er orðið sannkallað ævintýrasvæði. Þetta svæði nýttist árið um kring. Á svæðinu eru nú tveir stórir og glæsilegir leikkastalar en sá seinni var settur upp í sumar, en sá eldri Naglfarið var málaður gerður upp. Jafnframt var skipt um jarðveg, fallundirlag og hluti svæðisins dreinaður. Lagt er til að endurgerð þessa svæðis verði lokið 2019. Í því felast eftirfarandi þættir:

1. Klára jarðvegsskipti og dren á svæðinu, en ódreinaður hluti þess breytist í drullusvað í vætutíð.
2. Setja varanlegt fallundirlag undir Naglfarið (leikkastalaskipið) líkt og gert var með nýja kastalann.
3. Hellulögn með grassteini og tyrfing með gúmmímottustyrkingu á svæðið.
4. Föstum hringborðum fjölgað og nestisaðstaða fyrir gesti aukin.
5. Bæta við litlum leikkastala fyrir yngstu börnin á svæðið.

Áætlaður heildarkostnaður við þessar aðgerðir eru 11-13 milljónir króna, miðað við að starfsmenn FHG vinni verkið að stórum hluta eins og gert var s.l. sumar.



Yfirlitsmynd 3: Endanlegt útlit ævintýrasvæðisins Ásgarðs í Fjölskyldugarðinum.

## Hringekja

Hringekjan sem er elsta leiktæki garðsins hefur jafnframt menningarsögulegt gildi. Hún er prýdd handmáluðum myndum úr íslenskum sagnaarfi eftir Brian Pilkington einn ástsælasta teiknara þjóðarinnar.

Hringekjan þarfnast meiriháttar viðhalds og mun í vetur verða tekin í sundur og gerð upp eins og hægt er, m.a. skipt um gólf. Myndskreyttu fletirnir virðast þökkalega farnir og verða hreinsaðir og glæsprautaðir. Skipt verður um öll ljós í tækinu.

Hestar og önnur faratæki hringekjunnar eru illa farin. Eftir ítarlega athugun á möguleikum í stöðunni er best að skipta þeim út. Fyrirliggjandi er tilboð frá framleiðandanum Lamborgini í nýja hesta og vagna fyrir um 4,5 milljónir króna.

Í kjölfarið verður hringekjan sett upp á varanlegum stað í fjölskyldugarðinum.



*Hringekjan*



*Nýir hestar og farartæki*



## Aðrar þættir

Önnur smærri verk bíða víðsvegar um garðinn eins og áður var sagt.

Klára þarf dýpkun bátatjarnar en ekki tekst að ljúka því verki í ár eins og ráðgert var (*yfirlitsmynd 1 og 2*).

Kaupa þarf smátæki á svæði S15 - S17 (*yfirlitsmynd 1*).

Ljúka þarf umgjörð nýja ökuskólans og hækka þar brú.

Laga þarf malbik á nokkrum stöðum sem og smærri hellulagnir.

Af eignum USK þarf að endurnýja kláf á tjörninni og víkingaskipið Elliða.

Tafla 3: Samantekt framkvæmdaliða og áætlaður kostnaður

Nýjungar/framkvæmdir 2019	Áætlað Verð	Forgangur
Nýtt rugguskip og umhverfi (T10)	24.000.000 kr.	1
Ökuskóli klára batta og brú (T3)	2.500.000 kr.	1
Hringekja endurgerð	4.500.000 kr.	1
Ævintýrasv. fallundirlag Naglfar (S6)	4.000.000 kr.	1
Ævintýrasv. nýr smábarnakastali (S5)	2.500.000 kr.	2
Ævintýrasv. framkvæmdir og efni (S5-6)	6.500.000 kr.	1
Dýpkun bátatjarnar (framh T7.)	4.000.000 kr.	1
Lítill leiktæki nýjungar (T11 ofl svæði)	4.000.000 kr.	1-2
Svæði S15 –S17	2.000.000 kr.	2
Endurvinnslustöðvar	2.000.000 kr.	2
Alls	56.000.000 kr.	